

Nefndarsvið Alþingis

Efni bréfs:

Umsögn Suðurlandsskóga, kt 601097-3119, um Þingskjal 1163 — 689. mál / Tillaga til þingsályktunar um tillögu að landsskipulagsstefnu 2015-2026.

1. Athugasemd 1., grein 2.3.1

Mikilvægt er fyrir nýjar búgreinar á Íslandi, í þessu tilfelli nytjaskógrækt, að skipulagsumgjörð landnýtingar sé með þeim hætti að ekki séu lagðar hindranir á eitt form umfram annað í nýtingu lands. Skipulagshindranir geta skert rétt landeigenda til að ráðstafa landi undir þau landnot sem hver og einn telur réttastan og mest virði. Því er lagt til að felld verði út eftirfarandi setning í lið 2.3.1; „*Val á svæðum til skógræktar og stefna um þau taki mið af því að skógrækt falli vel að landi og að eftir því sem við á séu samþætt sjónarmið skógræktar, annars landbúnaðar og útivistar*“.

2. Athugasemd 2., greinagerð

Ein grein landbúnaðar ofar annarri.

Í greinagerð að frumvarpi að Landsskipulagsstefnu 2015-2026 er sett fram tilgáta að ein grein landbúnaðar sé hugsanlega betri og arðsamari en önnur. Suðurlandsskógar telja nauðsynlegt að vitnað sé í skýrslur eða rannsóknarniðurstöður þessu til staðfestingar í greinagerð með væntanlegum lögum um Landsskipulagsstefnu 2015-2026, þar sem skýrt er betur hvers vegna „*hagkvæmni kornræktar hér á landi geti aukist í framtíðinni*“ umfram annan landbúnað.

Virðingarfyllst,

f.h. Suðurlandsskóga

Björn Bjarndal Jónsson

t.p.; bjorn@sudskogur.is

s. 899 9302